

dóms falinn bak við blæjur og tjöld alheimsins hefir. hún gefið oss þann, sem er sífelt nálægur. Hér er trú, sem er ómaksins verð. Þekking helir ekkert út á hana að setja, enga ástæðu til að setja sig í gagnstæði við hana. Hér er efni í varandi framþróandi trúarjátningu og sístækkandi trú. Hún dregur enga blæju á milli guðs og mannsins. Og að þessari þýðing og útlistun gerðri, erum vér í færum til að taka upp þá staðhæfingu, að það er rekstefna frá efseimindi til trúar, til trúar, sem er björt sem vormorguninn og eins hlý og miðdegissólin.



Söngur valsins.

EFTIR

MAXIM GORKI.

Viðáttumikil bárubreiða fallandi letilega á fjöruborðið, og langt í burtu, lengra út, hið mikla úthaf hreifingarlaust í stálbláum tunglsskinsslæðum. Hið silfraða mjúkiðandi yfirborð þess sameinast suðræna diminbláa loftinu og endurspeglar hinar ar staðkyrru dúnleitту skýjamyndir þess ásamt hinum glitofna fingerða stjörnurósagrunni. Himininn virðist líta og hneigja sig æ betur og betur ofan að hafinu eins og hann væri að reyna að skilja merkingu hins sífelda suðandi niðs svefnværu en síkviku bárumergðarinnar á leið til lands. Fjöllin eru klædd skógi sködduðum í norðaustanveðrum, þau teygja hnardeista hnjkana upp í ómælanlegan himinblámann og hin stórkorna hrufóttu lögum þeirra er fegruð og mýkt af hinum hlýja laðandi andblæ suðrænnar nætur. Alvarleg, þögul og þungbúin standa fjöllin, kastandi dökkuum skuggum á sefgrænan sjóinn, eins og þau vilji stöðva með hinum kyrláta þunga sínunum hina sífeldu hreifingu hans og þagga óendanlegt öldugjálfrið, hið eina hljóð, sem rýfur hina dularfullu þögn og sameinast silfurtærum ljós-